

# Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

## Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 6. febrúar 2024 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn á Teams og hófst fundurinn 11:00

Fundinn sátu: Garðar Freyr Vilhjálmsson, Andri Þór Árnason og Ingibjörg Þóranna Steinudóttir  
Andri Þór ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Síbería

Rætt hefur verið við fyrirhugaðan leigjanda um ástand fasteignarinnar, ljóst er að kostnaðarsamt verður að koma fasteign í ásættanlegt ástand fyrir almenna leigu. Athugað verður með verðtilboð í viðgerðir á þaki ásamt því að stjórn telur að líklegast er hagkvæmast fyrir félagið að selja húsnæðið, leitað verður eftir tilboði í fasteignina.

#### 2. Heimasíða

Andri tekur fund með Pétri hjá Stefnu í næstu viku um framhald og næstu skref varðandi uppsetningu á heimasíðu. Ingibjörg sendir stjórnarmönnum fjárfestingastefnu félagsins sem fer á heimasíðu félagsins.

#### 3. Aukning á hlutfé félagsins

Rætt var um áframhaldandi vinnu við að auka hlutfé í félaginu, Garðar sagði frá aðilum sem hafa lýst áhuga en ekki er komið á hreint hvort eða á hvaða hátt það verður útfært ef af því verður, þeirri vinnu verður því haldið áfram.

#### 4. Starfshópur

Verið er að skipa starfshóp um uppbyggingu á atvinnuhúsnæði á svæðinu, lagt er til að Fjárfestingafélagið Hvammur ehf skipi Ingibjörgu Þórönnu sem fulltrúa félagsins í þeim starfshópi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Andri Þór Árnason

Garðar Vilhjálmsson

Ingibjörg Þóranna Steinudóttir